Fjölbrautaskóli Suðurnesja
Sunnubraut 36 230 Keflavík Sími 92-13100, 13101 Fax 13107

**171.**
**FUNDUR**
**SKÓLANEFNDAR**

**18. maí 1992**

Mættir: Sigríður Jóhannesdóttir, Guðbjörg Ingimundardóttir, Guðjón Kristjánsson, Ingvar Eyfjörð Jónsson, Jón Sæmundsson, Kristbjörn Albertsson, Magnús Óskar Ingvarsson, og Hjálmar Árnason, skólameistari.

Formaður setti fund og bauð fundarmenn velkomna, síðan var gengið til dagskrár.

1. **Skólaslit vorannar 1992.**
Skólaslit voru með hefðbundnum hætti í Y-Njarðvíkurkirkju s.l. sunnudag. Mikið fjölmenni var við athöfnina og komust ekki allir í sæti. Brautskráðir voru 53 nemendur, þar af 34 stúdentar, 10 af tæknisviði, 7 af skemmri bóknámsbrautum og 2 skiptinemar. Flestir nemendur voru frá Keflavík eða 24, 8 voru úr Grindavík, 7 úr Njarðvík, 5 úr Sandgerði, 3 úr Vogum 1 úr Garði og 2 brottfluttir Suðurnesjamenn. Námsráðgjafar hafa kynnt skólann í öllum 10. bekkjum á svæðinu og grunnskólanemarnir heimsótt FS. Innritun fyrir næstu haustönn lýkur 5. júní.

2. **Heimsókn í menntamálaráðuneytið.**
Skólameistari greindi frá heimsókn í ráðuneytið sem hann fór nýlega ásamt fjármálastjóra skólans. Þar lögðu ráðuneytismenn blessun sína yfir hugmyndir skólans um niðurskurð á næstu önn.

3. **Samningur við fjármálastjóra og skólameistara um yfirvinnu og akstur.**
Skólanefnd samþykkir að Hjálmari Árnasyni, Ægi Sigurðssyni og Jóni Sæmundssyni verði greitt samkvæmt samningi um yfirvinnu og akstur frá 1986 og 1988 að frádregnu því framlagi sem ríkið hefur þegar greitt á móti. Skólanefnd er ennþá þeirrar skoðunar að ríkinu beri að standa við þessa samninga að fullu og telur sig eiga endurkröfurétt á ríkissjóð á þeirri fjárhæð sem hér er framreidd. Skólanefnd mun leita allra leiða til að ríkið standi við samningana eins og talsmenn ríkisins gáfu fyriheit um er ný verkaskipting varð

milli ríkis og sveitarfélaga. Þessi tillaga var samþykkt með öllum greiddum atkvæðum, en Jón Sæmundsson og Hjálmar Árnason viku af fundi á meðan þetta mál var rætt. Einnig samþykkti skólanefnd að samningum um yfirvinnu og akstur við skólameistara og fjármálastjóra verði sagt upp frá og með þessum fundi með löglegum fyrirvara og með endurskoðun í huga. Þetta var samþykkt með sex greiddum atkvæðum, einn sat hjá.

Fleira ekki gert og fundi slitið.

Sigríður Jóhannesdóttir
Sigríður Jóhannesdóttir,
formaður

Hulda Björk Þorkelsdóttir
Hulda Björk Þorkelsdóttir,
fundarritari

| YFIRLIT UM AKSTUR SKÓLAMEISTARA 1. JAN. 1990-maí 1992 | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|
| Ár | Frá ríki | Samningur | Mismunur | | | |
| 1990 | 7830 | 18000 | 10170 | ÆS=7120 | Hjá =3050 | |
| 1991 jan. | 916 | 1500 | 584 | Hjá | | |
| 1991 feb. | 560 | 1500 | 940 | Hjá | | |
| 1991 mars | 613 | 1500 | 887 | Hjá | | |
| 1991 apríl | 236 | 1500 | 1264 | Hjá | | |
| 1991 maí | 682 | 1500 | 818 | Hjá | | |
| 1991 jún | 893 | 1500 | 607 | Hjá | | |
| 1991 júlí | 551 | 1500 | 949 | Hjá | | |
| 1991 ágúst | 205 | 1500 | 1295 | Hjá | | |
| 1991 sept. | 737 | 1500 | 763 | Hjá | | |
| 1991 okt. | 727 | 1500 | 773 | Hjá | | |
| 1991 nóv. | 744 | 1500 | 756 | Hjá | | |
| 1991 des. | 421 | 1500 | 1079 | Hjá | | |
| 1992 jan. | 606 | 1500 | 894 | Hjá | | |
| 1992 feb. | 910 | 1500 | 590 | Hjá | | |
| 1992 mars | 728 | 1500 | 772 | Hjá | | |
| 1992 apríl | 414 | 1500 | 1086 | Hjá | | |
| 1992 maí | 650 | 1500 | 850 | Hjá | | |
| | | | 25077 | | | |
| | Akstur | ÆGIR SAMTALS: | | 7120 | *28.85 | 205412 |
| | Akstur | HJÁLMAR = | | 17957 | *28,85 | 518060 |
| | | Ægir laun | | 20*7*1379,65=193151 | | |
| | | Hjá laun | | 20*22*1379,65=607046 | | |
| | | Samtals Ægir: 205412 + 193151 = 398563 | | | | |
| | | Samtals Hjálmar: 518060 + 607046 =1125466 | | | | |
| | | | | Samtals: 1524029 | | |
| | | Akstur Jón Sæmundsson: | | | | |
| | | | | | 900-167=733 | |
| | | | | | 733*28,85 = 21147 | |
| | | | | | 21147 * 29 | 613263 |